



Hafnarfjörður
b.t. Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Njarðvík, 2. október 2018.

Efni: Skipalyfta við Suðurbakka

Á fundi hafnarstjórnar Hafnarfjarðar þann 5. september sl. var lagður fram viðbótarverksamningur við samning Hafnarfjarðarhafnar og Hagtaks hf. vegna Háabakka frá 8. maí 2018 varðandi viðlegukant fyrir skipalyftu og aðstöðu dráttarbáta við vesturenda Suðurgarðs. Hafnarstjórn samþykkti viðbótarverksamninginn og fól hafnarstjóra að undirrita hann. Fundargerð hafnarstjórnar var kynnt á fundi bæjarstjórnar þann 19. september sl.

Í viðbótarverksamningnum kemur fram að Hafnarfjarðarhöfn greiði verktaka rúmlega 33 milljónir króna fyrir verkið en auk þess er ljóst, að höfnin verður fyrir tugmilljóna fórnarkostnaði þar sem höfnin missir talsverðan hluta af núverandi viðleguköntum undir þessa sérhæfðu starfssemi og þeir því ekki nýttir sem tekjuskapandi viðlegukantar fyrir skip.

Ljóst er, að aðeins einn aðili getur notað umræddan viðlegukant fyrir skiplyftu. Það eru Trefjar ehf., Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði, sem á síðasta ári fjárfestu í 75 tonna upptökuvagni, sem félagið virðist ekki hafa getað notað vegna skorts á viðeigandi aðgangi að sjó. Viðlegukanturinn virðist sérhæfður fyrir umræddan vagn sem er eini sinnar tegundar á Íslandi. Með framkvæmdinni er Hafnarfjarðarbær þannig að nota opinbert fé til að gera félagi í samkeppnisrekstri kleift að keppa við aðra sem bjóða slíka þjónustu, þar á meðal Skipasmíðastöð Njarðvíkur, en félagið kostaði sjálft kaup og gerð slíkra upptökumannvirkja í Njarðvík á árinu 2006.

Skipasmíðastöð Njarðvíkur telur að með því að kosta umræddar framkvæmdir sé Hafnarfjörður að brjóta gegn ákvæðum 61. gr. EES-samningsins um ríkisstyrki.

Til að um ríkisstyrk sé að ræða þarf aðstoð að falla undir skilgreiningu á ríkisstyrk í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. 1. mgr. 61. gr. er svohljóðandi:

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Fyrsta skilyrðið til að aðstoð teljist ríkisaðstoð er að ráðstöfun sé veitt af ríkisfjármunum, en hugtakið ríkisfjármunir hefur verið túlkað með mjög víðtækum hætti í ríkisstyrkjamálum. Ljóst er að fjármunir sveitarfélaga teljast til ríkisfjármuna í þessu tilliti og því ljóst að fjármögnun á viðlegukantinum telst veitt af ríkisfjármunum og skilyrðið er uppfyllt.



Annað skilyrði ríkisaðstoðar er að ráðstafanir ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, þ.e. að ákveðnir aðilar fái ívilnun umfram aðra aðila í sömu stöðu og að ívilnunin leiði til þess að aðilar þurfi ekki að greiða kostnað sem þeir undir venjulegum kringumstæðum þyrftu að greiða. Í þessu tilviki er ljóst að fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á viðlegukanti nýtist einungis Trefjum ehf. og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um að gerður hafi verið samningur við félagið um endurgjald eða greiðslu fyrir aðstöðuna. Því er ljóst að ráðstöfunin stenst ekki hið svokallaða markaðspróf sem gengur út á það að ekki sé um ríkisstyrk að ræða ef gættinn markaðsfjárfestir hefði gert það sama við venjulegar markaðsaðstæður. Liggur því fyrir að skilyrðið er uppfyllt.

Þriðja skilyrði ríkisaðstoðar er að aðstoðin raski samkeppni eða sé líkleg til að raska samkeppni. Til að aðstoð hafi áhrif á samkeppni verður hún að styrkja stöðu fyrirtækis í samanburði við samkeppnisaðila fyrirtækisins. Við mat á því er mikilvægast að líta til þess hvort aðstoðin hafi veitt móttakandanum forskot, þ.e. hvort að fjárhagsstaða aðilans í heild hafi batnað við aðstöðina í samanburði við aðra á sama markaði. Í þessu tilviki er ljóst að þeir fjármunir sem sveitarfélagið notar til gerðar viðlegukants veitir Trefjum ehf. forskot í samanburði við aðra aðila á sama markaði sem hafa þurft að kosta sambærilegar framkvæmdir sjálfir.

Fjórdi skilyrðið til að aðstoð teljist ríkisaðstoð er að viðkomandi gerningur hafi áhrif á viðskipti milli aðila EES-samningsins. Þetta skilyrði er í raun náskyli skilyrðinu um röskun á samkeppni, en dómstólar hafa talið að ef skilyrðið um röskun á samkeppni er uppfyllt hafi slík röskun á samkeppni nær undantekningarlaust áhrif á viðskipti milli aðila EES-samningsins.

Því telur Skipasmíðastöð Njarðvíkur ljóst að kostun Hafnarfjarðarbæjar á gerð viðlegukants sem einungis nýtist skipalyftu Trefja ehf. uppfylli öll skilyrði til þess að teljast ríkisstyrkur og verður ekki séð að neinar af undanþágureglum EES-samningsins eigi við í þessu tilviki.

Ekki liggur fyrir að Hafnarfjörður hafi tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um framkvæmdina í samræmi við reglur EES-samningsins, en samkvæmt 3. gr. 2. hluta 3. bókarinnar við samning milli EFTA ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls má ekki framkvæma ríkisaðstoð fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur heimilað slíka aðstoð.

Í ljósi alls framangreinds íhugar Skipasmíðastöð Njarðvíkur nú að leita réttar síns vegna ólögðrar ríkisaðstoðar Hafnarfjarðarbæjar meðal annars með því að senda erindi til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna málsins. Þá áskilur Skipasmíðastöð Njarðvíkur sér rétt til að krefjast stöðvunar á framkvæmdum á meðan málið er til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Ef Hafnarfjarðarbær stöðvar framkvæmdir nú þegar og vill vinna að lausn málsins þá óskum við eftir erindi frá bænum þess efnis fyrir kl 14:00 Mánudaginn 8. október næstkomandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur

Lúðvík Börkur Jónsson, Stjórnarformaður